

Sólsetur í Staðarsveit



Þegar ljósmyndari átti leið um Staðarsveit um nýliðna helgi blasti þessi fallega skuggamynd við af Snæfellsjökli, sólin var þá að setjast á bak við jökulinn. Þetta heillaði þó ekki bara ljósmyndarann því að fjöldi ferðamanna höfðu einnig lagt bílum

sínum í vegkant til að fanga sjónarspilið á mynd.

Sólarlag í Reykjavík var kl. 18.30 á þriðjudag, daginn stytur nú jafnt og þétt fram til 21. desember en þá eru vetrarsólstöður, eftir það fer daginn að lengja aftur.

Leggja út grjótgarð á Hellissandi



Eins og fram kom í Jökli síðsumars þá var unnið að gerð sjóvarnagarðs við Barðastaði í Staðarsveit, því verki er nú lokið og verktakarnir hafa fært sig um set og vinna nú við að leggja út rúmlega 40 metra langann garð við Keflavíkurgötu á Hellissandi, það er verktakafyrirtækið Flakkarinn ehf. sem vinnur verkið. Áætlanir gera ráð fyrir að í garðinn fari í kringum 1.100

rúmmetrar af grjóti og kjarna, efnið er fengið úr grjótnámu við Rif.


Þegar lokið hefur verið við grjótgarðinn verður hægt að klára göngustíg sem liggur með sjónum við Keflavíkurgötuna, þar sem vetur nálgast þarf það samt líklega að bíða næsta sumars.

JÓ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Þéður Kristinnsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Styrkveitingar í Grundarfirði

Sunnudaginn 6. október, bauð Félag vinstri grænna í Grundarfirði til óvenjulegrar samkomu. Þar var ekki fengist um pólitík, heldur verið að veita sjö verðugum verkefnum á Snæfellsnesi styrki, undir yfirskriftinni „Í þágu samfélags“. Styrkirnir voru veittir í minningu Ragnars Elbergssonar, sem var foringi vinstri manna í Grundarfirði í 50 ár. Fjármunirnir urðu til við sölu á húsnæði félagsins, „Kommakoti“, sem hýsti félagsstarfið í áratugi og veitti félagið styrki fyrir samtals 14 milljónir króna.

Athöfnin hófst með því að, Ingi Hans Jónsson, núverandi formaður félagsins, rakti aðdraganda þess að húsið var keypt og varpaði ljósi á aðstæður í samfélaginu þegar Ragnar varð forystumaður, fyrst Alþýðubandalagsins og síðar Vinstri grænna, allt til dauðadags, í janúar á þessu ári.



Síðan voru veittir styrkir og stóð þar í stafni, Matthildur S. Guðmundsdóttir, ekkja Ragnars, ásamt öðrum meðlimum stjórnar. Sjö aðilar hlutu styrki, fékk Grundarfjarðarkirkja 500.000 króna styrk til barnastarfsins, Kvenfélagið Gleym mér ei hlaut

1.500.000 krónur til að láta gera, annast og varðveita skautbúning til notkunar við hátíðleg tilefni, Skíðasvæði Snæfellsness hlaut 2 milljónir króna í byggingu nýs aðstöðuhúss á skíðasvæðinu í Grundarfirði, Björgunarsveitin Klakkur hlaut 2 milljóna króna styrk vegna kaupa á nýja björgunarsveitabílnum og Björgunarbátasjóður Snæfellsness fékk einnig 2 milljónir vegna kaupa á nýrri Björg sem er komin til landsins. Þá fengu Golfklúbb-

urinn Vestarr og Skotfélag Snæfellsness sitthvorar 3 milljónirnar, Vestarr vegna kaupa á landi og Skotgrund vegna rafvæðingar á skotsvæði félagsins í Kolgrafafirði.

Þeir fjármunir sem sala „Kommakots“ skilaði, urðu til vegna óeigingjarnrar sjálfböðavinnu. Með þeirri ákvörðun stjórnar að verja andvirði hússins með þessum hætti, til félaga sem einnig byggja á sjálfböðastarfi, er verið að margfalda samfélagsleg verðmæti á Snæfellsnesi.



**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímabantanir í síma 436-1111

1x2 Getraunir

Góð þátttaka var í getraunakaffinu síðasta laugardag, en eftirtekjan ekki mikil. Sá sem var með flesta rétta leiki á sínum seðli náði aðeins 9 réttum. Þessi hópur er ekki þekktur fyrir að gefast upp og því verðum við mætt í Áttthagastofuna á laugar-

daginn klukkan 11.00 og tökumst á við nýja leikviku. Kaffi verður á könnunni og kannski eitthvað til að bíta í. Gaman væri að sjá jafn góða mætingu aftur.

Áfram Víkingur.



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

D

Opin skrifstofa í Snæfellsbæ

Verið öll velkomin í kaffispjall til að viðra hugmyndir og koma athugasemdum á framfæri!

🕒 Föstudaginn 11. október, kl. 14-17

📍 Röstin, Snæfellsás 2, Snæfellsbæ



Teitur Björn Einarsson,
þingmaður Sjálfstæðisflokksins

Sjóvá er aðalstyrktaraðili Landsbjargar

Slysavarnafélagið Landsbjörg
var stofnað árið 1999 og Sjóvá
hefur verið aðalstyrktaraðili
samtakanna frá upphafi.

Tryggjum öruggt samfélag.



SJÓVÁ

Björgunarskipið Björg kemur

Björgin, nýtt björgunarskip Björgunarbátasjóðs Snæfellsness, er væntanleg í Rifshöfn sunnudaginn 13. október. Skipið verður til sýnis á ráðstefnu viðbragðsaðila, Björgun 24, í Hörpunni dagana 11. til 13. október, áður en það siglir svo vestur. Björgunarsveitin Lífsbjörg ásamt öðrum viðbragðsaðilum á svæðinu hefur skipulagt móttökuveislu fyrir nýja skipið sem beðið hefur verið eftir í ár. Nýsmíðin kom til landsins í september en nýtt skip í flota björgunarsveitanna er ómetanlegt á svæði eins og Snæfellsnesi þar sem sjómennska og útgerð er ein af stærstu atvinnugreinunum á svæðinu. Viðbragðstími hjá björgunarsveitinni mun stytta um helming þegar kemur að útköllum á sjó auk þess sem aðstaða sjálfbæðiðanna verður betri en það sem af er ári hefur Björgin sem nú er í Rifshöfn farið í 16 útköll. Báturinn kostar 324 milljónir króna og greiðir íslenska



ríkið helming þeirrar upphæðar, Landsbjörg greiðir fjórðung en þá sitja eftir 81 milljón króna sem Björgunarsveitin Lífsbjörg greiðir. Söfnun fyrir skipinu hefur gengið vel með framlögum frá félögum á Snæfellsnesi, fyrirtækja og annarra velunnara sveitarinnar auk þess sem Lífsbjörg stóð fyrir happdrætti þar sem ágóðinn rann til kaupa á bátinum. Enn á þó eftir að klára að fjármagna

hluta Lífsbjargar í kaupunum og geta áhugasamir lagt frjáls framlög inn á reikning Björgunarbáta-

sjóðs Snæfellsness - kennitala 480399-3159, Rkn.nr. 0190-15-370480.

Frumkvöðladagurinn var haldinn 4. október



Sóknaráætlun Vesturlands, Nývest, Gleipnir og Samtök Sveitarfélaga á Vesturlandi stóðu fyrir Frumkvöðladeginum 2024 þann 4. október síðastliðinn. Markmið dagsins er að efla sköpunarkraft og frumkvöðlastarf á Vesturlandi, tengja fólk saman og stuðla að nýjum verkefnum og verðmætasköpun á svæðinu. Alexander Schep-sky, framkvæmdarstjóri Gleipn-is, byrjaði dagskrána á að setja viðburðinn áður en Kári Viðarsson stofnandi Frystiklefans á Rifi og Anna Björk Nikulásdóttir framkvæmdastjóri Grammat-eks deildu reynslu sinni sem frumkvöðlar. Breið þróunarfélag

á Akranesi var með kynningu á starfsemi sinni en það er sjálfs-eignarstofnun og samstarfsverkefni Akraneskaupstaðar og Brims hf. með það markmið að styðja við atvinnuuppbyggingu og nýsköpun á Akranesi til framtíðar. Ásta Sóllilja Guðmundsdóttir kynnti Klak frumkvöðlasetur og Birgitta Ásgrímsdóttir ræddi um verkefnið Sea Growth sem var sigurvegari Gulleggsins 2024. Að því loknu voru styrkjum úr Uppbyggingar-sjóði Vesturlands úthlutað. Þremur öndvegissstyrkjum var úthlutað í ár og fékk Kári Viðarsson í Frystiklefanum á Rifi hæsta styrkinn sem var 10 milljónir króna.

JJ

Ósóttir vinningar

En eru töluvert af ósottum vinningum frá happdrætti Björgunarsveitarinnar Lífsbjörg til styrktar nýs björgunarskips.

Ósottu vinningarnir hafa tölurnar: 163, 214, 278, 393, 453, 515, 664, 735, 791, 888,

931, 993, 994, 1088, 1107, 1349, 1355, 1381, 1468, 2115, 2120, 2190, 2256, 2855

Til að nálgast vinning er hægt að hafa samband eða senda sms í síma 896-2558 (Ísabella)

Fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og stofnana 2025

Hafin er vinna við gerð fjárhagsáætlunar Snæfellsbæjar fyrir árið 2025

Hér með er auglýst eftir umsóknum um styrki.

Þeir sem vilja koma með styrkumsókn er varða næsta fjárhagsár Snæfellsbæjar eru hvattir til að skila þeim á bæjarskrifstofuna til bæjarritara fyrir **1. nóvember 2024**.

Félagasamtök sem fengu styrki á árinu 2024 þurfa að **senda inn ársreikning** með áframhaldandi styrkbeiðni.

Athugið að engir styrkir fást greiddir nema um þá sé sótt og bæjarstjórn samþykki þá.



Bæjarritari

Geðlestin í Klifi



Gulum september er forvarnarátak sem er ætlað að auka meðvitund fólks um mikilvægi geðræktar og sjálfsvígsforvarna. Í tilfni af Gulum september ferðuðust landssamtökin Geðhjálp um landið og buðu upp á samtalið um geðrækt og geðheilsu í bland við tónlist og gleði. Geðlestin er heiti verkefnisins en það hefur áður farið um landið en þá var áherslan á börn og ungmenni en

núna var ætlunin að hitta sveitarstjórnir, félags- og skólamálayfirvöld annars vegar og almenning hins vegar.

Geðlestin kom á Snæfellsnes 1. október og var með kvölddagskrá í Klifi, í lok dagskrár stigu þeir félagar Emmsje Gauti og Þormóður á svið og léku nokkur lög til að áréttu að geðrækt er líka gleði og skemmtun.

Réttir sunnan heiðar



Réttuð var í Ölkeldurétt, Bláfeldarrétt og Grafarrétt laugardaginn 28. september. Dregið var í sundur í blíðskapaveðri en í haustveðrinu myndast skemmtileg stemning í sveitinni þegar fjölskyldur og vinir koma saman til að taka þátt í smalamennsku og réttum. Mikil tilhlökkun er fyrir þessum tíma hjá sauðfjábændum og þeim sem standa

þeim næst og ekki skemmir fyrir þegar veðrið leikur við mannskapinn. Svangt fólk sem hefur verið í göngum og öðru fjárragi er svo verðlaunað, ýmist með réttarkaffi eða kjötsúpu fyrir erfiðisvinnuna. Meðfylgjandi mynd tók Ragnhildur Sigurðardóttir þegar dregið var í dilka í Ölkeldurétt.

SJ

Jól í skókassa

Jól í skókassa er alþjóðlegt verkefni sem felst í því að fá börn jafnt sem fullorðna til þess að gleðja önnur börn sem lifa við fátækt, sjúkdóma og erfiðleika með því að gefa þeim jólagjafir. Gjafirnar eru settar í skókassa og til þess að tryggja að öll börnin fái svipaða jólagjöf er mælst til þess að ákveðnir hlutir séu í hverjum kassa. Verkefnið hefur verið í gangi síðan árið 2004, fyrsta árið söfnuðust rúmlega 500 kassar en síðan hefur verkefnið spurst út og undanfarin ár hafa um 5000 skókassar verið sendir út fyrir jóln. Skókassarnir fullir af gjöfum verða sendir til Úkraínu en þar er atvinnuleysi mikið og ástandið víða bágborið. Íslensku skókössunum verður meðal annars dreift á munaðarleysingjaheimilum, barnaspítala og til barna einstæðra mæðra sem búa við sára fátækt. Gjafirnar eru settar í innpakkaða skókassa og á vefsíðu KFUM er hægt að sjá nánari upplýsingar um hvernig skal pakka, merkja og ganga frá skókössunum og hvaða hluti skal setja í kassana, til dæmis leikföng, skóladót, hreinlætisvörur, sæl-

gæti og fót. Nú geta þeir sem eiga erfitt með að pakka skókössunum í gjafapappír eða hafa ekki tíma til þess, keypt tilbúna kassa. Kassinn er fallega myndskreyttur að utan og innan í kassanum er ljósmynd frá Íslandi og jólakveðja á úkraínsku til móttakanda sem segir jafnframt stuttlega frá Íslandi. Kassinn kostar 450 kr. og er hægt að kaupa á Holtavegi í Reykjavík. Tekið verður á móti skókössunum í Grundarfirði fimmtudaginn 31. október í safnaðarheimili Grundarfjarðarkirkju og í Snæfellsbæ laugardaginn 2. nóvember í Áttthagastofu Snæfellsbæjar.

Tengiliðir í Grundarfirði eru Anna Husgaard Andreasen í síma 663-0159 og Salbjörg Sigríður Nóadóttir í síma 896-6650. Í Snæfellsbæ er Sigurbjörg Jóhannesdóttir tengiliður og hægt að ná í hana í síma 843-0992. Er þetta tilvalið verkefni fyrir einstaklinga eða fjölskyldur, vinahópa, deildir á leikskólum, bekki í grunnskólum eða foreldrafélög til að taka sig saman og láta gott af sér leiða fyrir hátíðarnar.

SJ

Opinn kynningarfundur

vegna lýsingar og matslýsingar er snýr að skipulagsbreytingum í Ólafsvík

Opinn kynningarfundur vegna breytinga á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015 – 2031 í Ólafsvík og nýs deiliskipulags austast í Ólafsvík verður haldinn **fimmtudaginn 10. október 2024 kl. 17:00** í sal á efri hæð Félagsheimilisins Klifi, Ólafsvík.

Gunnþóra Guðmundsdóttir frá Urban Arkitektar kynnir verkefnið.

Nálgast má lýsingu og matslýsingu á Skipulagsgátt undir málnúmeri 1200/2024 fyrir aðalskipulagsbreytingu og 1202/2024 fyrir nýtt deiliskipulag.

Hagsmunaaðilar og aðrir áhugasamir hvattir til að mæta á kynningarfundinn.

Uppskeruhátíð Snæfellsnes samstarfsins

Árleg uppskeruhátíð Snæfellsnes Samstarfsins fór fram laugardaginn 5. október í íþróttahúsi Snæfellsbæjar. Eins og undanfarin ár spiluðu iðkendur fótbolta í þeim flokkum sem þeir kepptu með í sumar en eftir hvert holl voru veitt verðlaun. Yngri flokkar tóku þátt fyrripart dags en 2. og 3. flokkur Víkings Ó. mættu seinna um daginn.

Veitt voru verðlaun fyrir efnilegasta leikmanninn, mestu framfarir og bestu ástundunina í hverjum flokki. Í 3. flokki karla fékk Semín verðlaun fyrir bestu ástundun, Reynir Már fyrir mestu framfarir og Ellert var valinn Efnilegastur.



Í 2. flokki kvenna var Margrét Arinbjörg með bestu ástundunina, Birgitta fékk verðlaun fyrir mestu framfarir og Thelma var valin efnilegust. Á myndunum



er einnig þjálfarateymi flokkana, þeir Brynjar Kristmundsson og Aron Gauti Kristjánsson en Birgittu vantar á myndina. Allir

iðkendur fengu Nike sokka, viðurenningarskjal og pizzu að dagskrá lokinni.

JJ



Gylfi og Ingólfur með tækniþjálfun



Dagana 1. til 3. október mættu fótboltamennirnir Gylfi Sigurðsson og Ingólfur Sigurðsson vestur í Snæfellsbæ og buðu fótbolta iðkendum í 1. til 10. bekk upp á tækniþjálfun. Tækniþjálfun Gylfa Sig er nafnið á námskeiðinu en markmið þjálfunarinnar er að bæta tæknilega getu leikmanna og veita þeim þá athygli sem þarf til að taka framförum. Stjórn ungmennafélags Víkings Reynis sá um að plana og skipuleggja þetta með Fannar Hilmarsson í forgrunni og lögðu áhugasamir aðstandendur fótboltans mikið kapp í að safna styrkjum til að niðurgreiða námskeiðið fyrir fótbolta iðkendum. Það voru Kristinn

J Friðþjófsson hf, Sjávariðjan Rífl, Fiskmarkaður Íslands, KG Fiskverkun, Fiskmarkaður Snæfellsbæjar, Steinunn ehf, Hidda ehf, Smiðjan Fönix, Sjoppa, Guðmundur Runólfsson hf, Soffanía Cecilsson hf, Landsbankinn, Apótek Vesturlands, Ragnar og Ásgeir og Adventure Hotel Hellissandur sem lögðu sitt af mörkum og vill UMF Víkingur Reynir koma á framfæri kær þakklæti til allra þeirra sem komu að því að Tækninámskeið Gylfa og Ingólfs kom hingað vestur. Þátttakan í tækniþjálfuninni var góð og voru allir í skýjunum með námskeiðið. SJ



Akstursstyrkir til íbúa í dreifbýli

Íbúar í dreifbýli Snæfellsbæjar geta sótt árlega um sérstakan akstursstyrk til að koma til móts við kostnað vegna aksturs barna til Ólafsvíkur í íþrótt- og tómsundaiðkun.

Árlegur akstursstyrkur er kr. 30.000.-

Umsóknir skulu berast bæjarritara í tölvupósti.

Í umsókn þarf að koma fram nafn foreldris/forráðamanns, nafn barns/barna, kennitala og reikningsnúmer þar sem leggja á styrkinn inn.

Einnig þarf að fylgja vottorð/staðfesting frá þjálfara um að barnið sé skráð í íþróttir norðan heiðar.

Úthlutunarreglur vegna akstursstyrks Snæfellsbæjar til UMF Staðarsveitar má finna á vef Snæfellsbæjar undir Stjórnsýsla – Reglur og samþykktir.

Nánari upplýsingar gefur bæjarritari í síma 433-6900 eða netfangið lilja@snb.is

Bæta þarf heilbrigðisþjónustuna á Snæfellsnesi



Ekki tókst að manna stöður lækna á Snæfellsnesi í samtals 23 daga árið 2023. Þar af voru 10 dagar í Snæfellsbæ og 13 dagar í Grundarfirði. Á sama tíma hafði einungis einn læknir fasta búsetu á Snæfellsnesi, sá læknir bjó í Ólafsvík og starfaði á heilsugæslu-

stöðinni þar.

Þetta kemur fram í skriflegu svari heilbrigðisráðherra nýlega við fyrirspurn minni um stöðu læknaþjónustu á Snæfellsnesi sem ég lagði fram á Alþingi fyrr á árinu. Svar ráðherrans ber með sér að mikill vilji er til að bæta ástandið en betur má ef duga skal.

Óánægja íbúa og ákall um breytingar

Aðgengi að góðri heilbrigðisþjónustu er mikið hagsmunamál fyrir hvert byggðarlag. Í íbúakönnun landshlutanna sem framkvæmd var veturinn 2023-2024 kemur skýrt fram mikill munur á afstöðu íbúa á Snæfellsnesi til heilsugæslu og heilbrigðisþjónustu samanborið við íbúa annarra svæða innan umdæmis Heilbrigðisstofnunar Vesturlands (HVE).

Íbúar Snæfellsness voru hvað óánægðastir með þjónustuna en almenna ánægju mátti merkja til að mynda á Akranesi, í Dölum og í Húnaþingi vestra. Undirskriftarsöfnun Grundfirðinga síðasta vor vegna bágrar lækniþjónustu þar í bæ er annað skýrt merki um að staðan er óviðunandi og við henni verður að bregðast.

Samtal um lausnir

Í liðinni viku funduðum við þingmenn kjördæmisins með Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi og var staða heilbrigðismála rædd nokkuð. Sveitarfélögin á Snæfellsnesi hafa undanfarið verið í fararbroddi við að leiða samtal við stjórnendur HVE áfram til að ná fram viðunandi lausn. Í fyrrgreindu svari heilbrigðisráðherra við fyrirspurn minni er jafnframt ekki lokað fyrir að setja á fót þróunarverkefni um bættu lækniþjónustu sem yrði byggð á samvinnu heilbrigðisstofnana og sveitarfélaga um þjónustuna. Mögulegar ívilnanir í gegnum Menntasjóð námsmanna til tryggja fagmennun á landsbyggðinni gætu verið hluti af þeirri lausn.

Hugmyndir sveitarfélaganna á Snæfellsnesi um nýtt skipulag lækniþjónustu eru góðra gjalda verðar og byggja á því að komið verði á fót ákveðnu þjónustufyrirkomulagi um læknameymi fyrir Snæfellsnes. Það væri þá teymi lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna sem flyttist á milli staða eftir ákveðnu kerfi með það að markmiði að þjónustan yrði ávallt í boði fyrir íbúa og læknar á svæðinu þyrftu ekki að starfa sem einrykjar hver í sínu horni,

enda þykir það ekki lengur eftirsóknarvert starfsumhverfi. Samhliða yrðu mótaðar leiðir til að nýta tækniina í formi fjarlækninga til að bæta þjónustuna enn frekar, til að mynda aðgengi íbúa að sérgræinalæknum.

Breytt viðhorf og nálgun

Læknaskortur er vandamál sem einskorðast ekki við Ísland, heldur standa lönd víða um heim í sambærilegum sporum. Læknar og annað heilbrigðisstarfsfólk eru eftirsóttir sérfræðingar sem gera kröfur um starfsumhverfi sem stenst kröfur nútímans. En staða þjónustunnar á Snæfellsnesi, samanborið við önnur svæði innan umdæmis HVE, er slíkt frávik að bændin berast einna helst að viðhorfi stjórnenda HVE og skipulagi þjónustunnar á svæðinu. Það þarf breytt viðhorf og nýja nálgun til að leysa málið.

Til að veita góða heilbrigðisþjónustu þarf hæft starfsfólk með stöðuga viðveru bæði lækna og annað heilbrigðisstarfsfólk. Eins þarf aðstaða eins og húsnæði og tækjabúnaður að standast allar kröfur og aðgengi íbúa að þjónustunni verður að vera fyrirsjáanlegt og einfalt. Hugmyndir sveitarfélaganna á Snæfellsnesi miða að því að ná öllum þessum markmiðum fram og er mikilvægt að styðja við þau með öllum ráðum svo heilbrigðisfyrirvöld breyti viðhorfi sínu til málsins og grípi til lausnarmiðaðra aðgerða fyrir íbúa á Snæfellsnesi.

*Teitur Björn Einarsson,
þingmaður Sjálfstæðisflokksins í
Norðvesturkjördæmi*

Söfnuðu 1,4 milljónum



Bingóviðburðurinn Komdu í bingó vinan fór fram í annað sinn í Grundarfirði um helgina. Líkt og kom fram í síðasta tölublaði Jökuls var þetta upphaflega hugmynd Valgerðar Helgu Ísleifsdóttur sem fljótlega vatt upp á sig og varð að vel sóttu góðgerðarkvöldi. Konur af öllu nesinu sóttu viðburðinn en boðið var upp á rútuferðir frá Stykkishólmi, Ólafsvík, Rifi og Hellissandi. Brynja Dan sá um að stjórna bingóinu en 195 konur spiluðu þar saman. Valgerður Helga ásamt vinkonum sínum Önnu Björgu Jónsdóttur Stolzenwald og Steinunni Tinnu

Þórðardóttur hafa undirbúið og skipulagt viðburðinn síðan í vor og höfðu þær safnað 195 vinningum sem fóru út til viðstaddra kvenna í formi bingóvinninga og happdrættisvinninga. Á bingóinu seldust aðgöngumiðar, happdrættismiðar og bingóspjöld fyrir 1.272.000 krónur en einnig var opið fyrir frjáls framlög svo að í heildina söfnuðust 1.415.000 krónur sem renna óskert til Krabbameinsfélags Snæfellsness. Mikil ánægja er með viðburðinn og stefna konur strax á að mæta á Komdu í bingó vinan að ári.

SJ



FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS

Sími: 430 3700

www.fmis.is



Skólaliði

Laus staða við Grunnskóla Snæfellsbæjar

Laus er staða skólaliða við starfstöðina í Ólafsvík, 100% stöðugildi, frá 28. október 2024.



Starfssvið skólaliða:

- Þrif á skólahúsnæði og skólalóð starfstöðvarinnar.
- Gæsla í frímínútum og matartímum.
- Leiðbeina nemendum í leik og starfi.
- Ýmis önnur verkefni sem til falla hverju sinni.

Menntun, reynsla og hæfni:

- Menntun og reynsla sem nýtist í starfi.
- Ríkir samstarfs- og samskiptahæfileikar.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
- Góð kunnátta í íslensku er skilyrði.

Borgað er samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Umsóknarfrestur er til 21. október.

Upplýsingar veitir Hilmar Már Arason skólastjóri í síma 894 9903. Sækja skal um á síðu Snæfellsbæjar



GRUNNSKÓLI SNÆFELLSBÆJAR
SJÁLFSTÆÐI - METNADUR - SAMKENND

**Nýja björgunarskipið kemur í heimahöfn á Rífi
sunnudaginnn 13. október. Að því tilefni bjóðum við
öllum til móttöku við Björgunarstöðina Von.**

Björg siglir inn í höfn kl 18:00

Að lokinni athöfn verður hægt að skoða skipið.
Það yrði okkur mikil ánægja að fá ykkur og veita skipinu
móttöku. Hlökkum til að sjá þig!

